Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Úrdráttur úr dagblöðum í maí 1953, *heimsóknir kvenna á völlinn, Stúlkur á svörtum lista.*

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Utanríkisráðherra – Utanríkismál - Úrdráttur – Dagblöð – Keflavíkurflugvöllur – Heimsóknir stúlkna - 1953

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-12, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í Þjóðviljanum 12. maí er skýrt frá því, að starfsmenn Sameinaðra verktaka og aðrir Íslendingar fái ekki að fara út um svonefnt Patterson-hlið á Keflavíkurflugvelli.

Út af þessu skal tekið fram:

Íslenzka lögreglan hefur sett ákveðnar reglur um umferð út og inn á Keflavíkurflugvöll og leitast við að takmarka umferðina við eitt hlið (aðalhliðið) sökum ónógs mannafla og kostnaðar við að halda uppi fullkomnu lögreglueftirliti og tollgæslu í öllum hliðum vallarins.

Þó hafa vörubifreiðar, sem koma með flutning úr Reykjavík, stundum fengið að stytta sér leið inn um Patterson-hliðið. En þeim ber þá að fara út af vellinum aftur um aðalhliðið vegna lögreglueftirlits og tollgæslu.

Reykjavík, 12. maí 1953.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stúlkur á "svörtum lista".

Það er Tíminn 1. apríl 1952, sem birtir fregn um "kvennafangelsi" við Keflavíkurflugvöllinn og 150 stúlkur á svörtum lista hjá lögreglunni.

Þetta tekur svo Þjóðviljinn upp daginn eftir með fyrirsögninni: "Hundruð telpna 14-18 ára stunda drykkjuskap og lauslæti á Keflavíkurflugvelli." Segir þar m.a.:

..."Í gær birtir Tíminn svo skýrslu um áranguirinn af starfi sínu... (sem) hljóðar svo:

> "Gamall braggi við Hafnargötu í Keflavík... er eina byggingin, sem hægt er... að nefna kvennafaggelsi. ...
> ... Fyrir nokkru voru 150 stúlkur á svörtum lista hjá lögregluliði því, sem hefur eftirlit með ferðum á Keflavíkurflugvöll..." "

Hef ekki við höndina fyrstu tbl. af Frjálsri þjóð en fæ þau í kvöld eða fyrramálið.

27/5. 1953.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

100 stúlkur.

Hvorki Þjóðviljinn né Frjáls þjóð rangfæra töluna 100. Í þingræðu um þáltill. 22/10. segir Magnús Kjartansson (birt í Þjv. 28/10) að 100 stúlkur hafi verið "skráðar á svartan lista" og að samsvarandi tala kvenna í Frakklandi myndi vera 40.000 og þykja óskapleg.

Frjáls þjóð birtir rammagrein 20/10: 100 íslenzkar stúlkur útlægar úr herbúðunum fyrir "ósæmilega hegðun". Er þar talað um að samsvarandi tala í Ameríku myndi vera 100.000. ("100.000 amerískra stúlkna gerðar að skækjum af erl. hermannalýð og kastað á dyr til að víkja fyrir nýjum").

26/5.53 BG

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur